

Innritunum í sjávarútvegstengt nám fjölga um 25% milli ára

- » Aðsókn í nám tengt sjávarklasanum á Íslandi hefur vaxið stöðugt frá árinu 2009 og fjölbreytni námsbrautanna hefur aukist umtalsvert. Fjöldi innritaðra nema í 9 sjávarútvegstengdar námsbrautir jókst um 25% haustið 2013 frá árinu áður.
- » Merkja má aukinn áhuga á nýsköpun og fullvinnslu afurða á sókn ungs fólks í grunnám tengt sjávarútvegi og auknum áhuga á námi í matvælafræði og þverfaglegu námi á sviði sjávarútvegs.
- » Fjöldi nemenda við Skipstjórnarskólann nærri þrefaldaðist á árunum 2008 til 2013 og enn aukast nýskráningar.
- » Eftirtektarverður viðsnúningur hefur orðið í aðsókn í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri en námið hefur verið eftt, m.a. með aukinni tengingu við atvinnulífið. Heildarfjöldi nemenda þar hefur aldrei verið meiri en nú leggja 69 nemendur stund á nám í sjávarútvegsfræði.

Sjávarútvegur á öllum stigum

Á framhaldsskólastigi eru nokkrar fjölbreyttar námsleiðir tengdar sjávarútvegi, svo sem skipstjórn, vélstjórn, meistararéttindi í bátasmíði og meistararéttindi í netagerð við Tækniskólann. Þá er boðið upp á fisktækninám við Fisktækniskóla Íslands en í það nám innrituðust 15 nýir nemendur síðastliðið haust sem er metaðsókn. Alls eru 30 nemendur fisktæknináminu en Fisktækniskóli Íslands býður nú fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi tengt sjómennsku, fiskvinnslu og fiskeldi.

Fjöldi annarra framhaldsskóla býður svo upp á nám tengt sjávarútvegi. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum býður upp á skipstjórnarbraut, Fjölbrautarskóli Suðurnesja býður upp á vélstjórnarnám sem og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Þá er vélvirkjanám í boði í Fjölbrautarskóla Suðurlands og við Menntaskólann á Ísafirði.


Þessu til viðbótar má nefna að aðsókn í skipstjórnarnám við Skipstjórnarskólann, sem nú tilheyrir Tækniskólanum, hefur stórkæmt á síðastliðnum fimm árum, en fjöldi nemenda þar jókst hröðum skrefum á árunum 2008 til 2013 og nærri þrefaldaðist. Nú eru þó hugsanlega blikur á lofti í atvinnuhorfum sjómanna en á síðustu tveimur árum hefur hátt í tug frystitogara verið lagt eða þeim breytt í ísfiskskip. Þessari þróun fylgir þó vitaskuld aukin landvinnsla sem kallar á fleiri fiskvinnslustörf og önnur afleidd störf. Að auki hefur meðalaldur sjómanna farið stighækkandi sem bendir til að kynslóðaskipti séu brátt tímabær.

Á háskólastigi starfrækir Háskólinn á Akureyri einn háskóla grunnám í sjávarútvegsfræði, grunn- og meistaranám í auðlindafræði og meistaranám í haf- og strandsvæðafraði í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Þá hefur Háskólinn á Hólum boðið upp á diplómanám í fiskeldi síðan árið 2010. Á háskólastigi eru aukin heldur kennd einstök námskeið sem snúa að sjávarútvegi og fiskvinnslu í verkfræði-, hagfræði-, efna- og líffræðinámi við Háskóla Íslands. Þar má nefna námskeiðin Fisk-iðnaðartækni 1 og 2 í véla- og iðnaðarverkfræðinámi Háskóla Íslands. Auk þess er snert á mörgum sviðum sjávarútvegs og fiskvinnslu í matvælafræði við Háskóla Íslands, en boðið er upp á bæði grunn- og framhaldsnám í þeirri grein við skólann.

Þá má nefna að Háskólinn í Reykjavík og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa tekið höndum saman um nýtt endurmenntunarnámskeið fyrir stjórnendur í sjávarútvegi. Námið hófst fyrr á þessu ári og stendur fram á vor. Alls

Aðsókn í sjávarútvegstengt nám 2010-2013



eru 27 skráðir í námið sem hefur farið vel af stað. Efni námskeiðsins er fjölbreytt og er fyrst og fremst ætlað að styrkja stjórnendur í starfi, efla leiðtogaþæfni þeirra og getu til að takast á við nýjar áskoranir í greininni.

Sjávarútvegsfræði í mikilli sókn

Aðsókn í grunnnám í sjávarútvegsfræði við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri hefur aukist mikið á undanförunum árum og sá viðsnúningur sem orðið hefur í aðsókn og fjölda þeirra sem leggja stund á námið er eftirtektarverður. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn sem býður upp á slíkt nám og síðasta haust innritaðist þangað þriðji stóri árgangurinn í röð eða 29 nýir nemendur. Heildarfjöldi nemenda í BS námi í sjávarútvegsfræði hefur ekki verið meiri síðan 1997 þegar 67 lögðu stund á námið, en heildarfjöldi nemenda tók að fækka nokkuð skarpt eftir 2004 og varð minnst 15 árið 2009. Árið 2012 voru aftur á móti 62 nemendur skráðir í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri.

Frá árinu 2007 hefur markvisst verið unnið að því að endurskoða og styrkja innviði námsins með ágætum árangri. Átak var gert í því að kynna námsleiðina, þjónusta við nemendur var aukin og kennsluáfangar voru endurskoðaðir. Jafnframt var unnið að því að efla samstarf sem víðast, innanlands sem utan, og tengsl námsins við atvinnulífið stóruakin. Þessar umbreytingar, uppgangur í sjávarútvegi og aukin námssókn hafa gert námið öflugra en nokkru sinni fyrr.

Fáir nýnemar í fiskeldisfræði


Við Háskólann á Hólum hefur verið boðið upp á eins árs diplómanám í fiskeldisfræði síðan 2010. Alls hafa 26 nemendur útskrifast af brautinni síðan þá en nýskráðir nemendur voru aðeins þrír haustið 2013. Fiskeldi er enn nokkuð lítil grein á Íslandi með um 200-250 starfsmenn og því kannski ekki að undra að aðsókn í námið dragist nokkuð saman eftir góðar viðtökur fyrst eftir að námið var kynnt til sögunnar. Á hinn bóginn eru ýmis teikn á lofti um að fiskeldisgreinin hér á landi muni koma til með að vaxa nokkuð á næstu árum og áratugum og því er mikilvægt að bjóða menntun á háskólastigi sem nýtist við uppbyggingu greinarinnar.

Hólaskóli býður einnig BS og MS nám í sjávar- og vatnalíffræði í samstarfi við Háskóla Íslands og fyrstu tveir nemarnir í BS náminu koma til með að útskrifast nú í vor 2014. Úr meistaranáminu hafa þegar fjórir verið útskrifaðir vorið 2011 og sex nemar til viðbótar leggja nú stund á námið.


Spennandi háskólanám á Vestfjörðum

Við Háskólasetun Vestfjarða á Ísafirði er nú bæði boðið upp á meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólann á Akureyri og nýtt meistaranám í sjávarvæðing nýsköpun, einnig í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Nýskráningar í haf- og strandsvæðastjórnun voru 14 síðasta haust sem er fækkun um 10 frá fyrra ári. Alls hafa 107 nemendur


Heildarfjöldi nemenda við Skipstjórnarskólann



Innritaðir í BS nám í sjávarútvegsfræði við HA



Heildarfjöldi nemenda í BS námi í sjávarútvegsfræði við HA



innritast í haf- og strandsvæðastjórnun síðan 2008, margir hverjir erlendir. Meistaránám í sjávarfengdri nýsköpun er hins vegar ný námsleið sem hleypt var af stokkunum á þessu ári og hófu tveir nemandar í janúar 2014. Mikil gróska er í nýsköpun í sjávarútvegi um þessar mundir og fleiri frumkvöðlar virðast nú horfa til hafs en oft áður. Það er því ánægjulegt að Háskólasetur Vestfjarða hafi tekið af skarið og bjóði námsleið sem nýst getur áhugasömum nemendum og frumkvöðlum á þessu sviði.

Aukin tenging við atvinnulífið mikilvæg

Aðsókn í nám tengt sjávarútvegi hefur aukist jafnt og þétt frá haustinu 2008 en nú dregur úr vexti á sumum sviðum. Þó hefur fjölbreytni námsins aukist síðustu tvö ár en heildarfjöldi nýskráðra nemenda í 9 sjávarútvegstengdar námsbrautir¹ jókst um 25% á milli árána 2012 og 2013. Aðsókn í sjávarútvegstengt nám á framhaldsskólastigi hefur stórauðist síðan 2008 en nú kann að vera að atvinnuhorfur fari hrakandi á ýmsum starfssviðum. Þó er ljóst að þörf sjávarútvegsfyrirtækja á vel menntuðu fólki fer ekki dvínandi og gengur t.a.m. sjávarútvegs- og matvælafræðingum almennt prýðilega að fá vinnu í sjávarútvegsgreininni.

Nútímavæðing sjávarútvegsfræðináms við Háskólann á Akureyri og þá sérstaklega aukin tenging þess við atvinnulífið getur reynst gott fordæmi í eflingu náms tengdu sjávarútvegi annars staðar. Það sama á við um nám Háskólans í Reykjavík fyrir stjórnendur í sjávarútvegi sem er mikilvægt skref í rétta átt. Innan Íslenska sjávar- klasans hefur markvisst verið unnið að því að efla tengsl atvinnulífs og menntagreina, meðal annars með stofnun vefsins *Verkefnamidlun.is* þar sem fyrirtæki geta miðlað hvers kyns verkefnum til nemenda. Vefurinn hefur farið vel af stað og geymir nú á fimmta tug ýmis konar verkefna. Öflug samvinna skóla- og atvinnulífs er ein af forsendum áframhaldandi samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs.

Nánari upplýsingar veita hagfræðingarnir **Haukur Már Gestsson** (haukur@sjavarklasinn.is) og **Bjarki Vigfússon** (bjarki@sjavarklasinn.is) í síma 577-6200.

Samnorrænt meistaranám í virðisbættu sjávaafurða

Á árinu 2012 hóf göngu sína þverfaglegt norrænt meistaranám um virðisbættu eldis og sjávarafurða, *AQFood*. Námið fjallar um þá grunnþætti sem þarf til að stuðla að sjálfbærni og tryggja öryggi og gæði í allri virðisbættjunni frá veiðum eða eldi, í framleiðslu og við dreifingu afurða til neytenda. *AQFood* er enn í þróun í samstarfi fimm norrænna háskóla, þar á meðal Háskóla Íslands. Auk HÍ standa að náminu eftirfarandi skólar:

- » Technical University of Denmark (DTU)
- » Norwegian University of Science and Technology (NTNU)
- » Swedish University of Agricultural Sciences (SLU)
- » Norwegian University of Life Science (UMB)

Námið hófst í tilraunaskyni haustið 2012 með einn nemanda, en haustið 2013 voru þrír nemendur á fyrsta misseri. Námsmenn koma til með að útskrifast með mastersgráðu frá tveimur norrænum háskólum, byggða á námi í tveimur löndum. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni *AQFood.org*.

¹ Fisktækni við Fisktækniskóla Íslands, Skipstjórnarskólinn, matvælafræði BSc og MSc við HÍ, fiskeldi Diplóma við Háskólann á Hólum, sjávarútvegsfræði BSc við HA, haf- og strandsvæðastjórnun MSc við HA og HSV, *AQFood* MSc nám og stjórnendanám við HR.